

Áveitan

7. tbl. 8. árgangur. Júlí 2014

Kvöldganga Umf. Vöku á Dalafell í Ölfusi

Eins og glöggir hafa tekið eftir stendur HSK fyrir gönguverkefninu Fjölskyldan á fjallið í sumar. Í hverri viku er tilnefnt fjall vikunnar í Dagskránni og fjölskyldur hvattar til að ganga saman á fjallið. Ungmennafélagið Vaka hvetur fólk til að taka þátt í verkefninu og ætlar jafnframt að standa fyrir hóp göngu á Dalafell í Ölfusi miðvikudagskvöldið 16. júlí. Þeir sem vilja geta sameinast í bíla við Þjórsárver kl 19:00 en aðrir geta komið beint að upphafsstað göngunnar kl 19:30. Allir eru velkomnir. Dalafell er innan við Hveragerði. Til að komast að fjallinu er best að aka gegnum Hveragerði og inn að bílastæðunum við Dalakaffi þar sem upphaf göngu inn í Reykjadal er. Þaðan er best að ganga upp Rjúpnabrekkur og upp á Dalafellið. Byrjunarhæð er um 80 metrar. Fremst á fjallinu í 340 metra hæð er póstkassi gönguverkefnisins með gestabók. Um 1 klukkutíma gangur er að póstkassanum. Ef fólk vill er hægt að ganga inn eftir Dalafelli og niður Dalaskarð í Reykjadal en þar eru heitir lækir sem hægt er að stinga tánum í. Þaðan er svo gengið niður Reykjadalinn og að upphafsstað. Þessi hringur er um 8 km. Við hvetjum alla, unga sem aldna til að koma með í þessa skemmtilega göngu og minnum á að börn eru á ábyrgð foreldra/ forráðamanna sinna í göngunni. Jafnframt viljum við benda fólki á að klæða sig eftir veðri og að smá nesti bætir og kætir.

Allar nánari upplýsingar um gönguverkefnið er að finna á heimasíðu HSK, www.hsk.is Umf. Vaka



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Opnunartími skrifstofu

Skrifstofa Flóahrepps er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 – 16:00. Skiptiborð skrifstofu er opið alla virka daga frá kl. 9:00 – 13:00. Engar sumarlokanir verða á skrifstofunni þetta árið.

Árni Eiríksson oddviti verður með fasta viðverutíma á skrifstofu Flóahrepps á mánudögum frá kl. 9.00-16.00

Fundartímar sveitarstjórnar

Sveitarstjórn hefur samþykkt að reglulegir fundir sveitarstjórnar verði haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 19.00. Erindi sem óskað er eftir afgreiðslu á þurfa að berast til skrifstofu Flóahrepps fyrir kl. 12.00 á föstudögum fyrir fundi sveitarstjórnar. Erindi má senda með tölvupósti, floahreppur@floahreppur.is eða með hefðbundnum pósti, Flóahreppur, Þingborg, 801 Selfoss.

Auglýst eftir sveitarstjóra

Auglýst hefur verið eftir sveitarstjóra Flóahrepps og rann umsóknarfrestur út 29. júní s.l. Það er fyrirtækið Capacent sem heldur utan um umsóknarferlið fyrir sveitarfélagið en ákvörðun um ráðningu sveitarstjóra verður tekin af sveitarstjórn.

Margrét Sigurðardóttir mun starfa sem sveitarstjóri Flóahrepps til 1. ágúst n.k.

Kjör í nefndir og ráð í Flóahreppi 2014-2018

Nýkjörin sveitarstjórn hélt sinn fyrsta fund 16. júní s.l. Þar var meðal annars kosið í nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins ásamt því að kjósa oddvita og varaoddvita.

Árni Eiríksson var kjörinn oddviti og Margrét Jónsdóttir varaoddviti.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að oddviti verði ráðinn í 45% starfshlutfall hjá Flóahreppi.

Skipulags- og byggingarnefnd:

Fulltrúi Flóahrepps í skipulags- og byggingarnefnd er Árni Eiríksson og Margrét Jónsdóttir til vara.

Kjörstjórn:

Í kjörstjórn verður Gísli Hauksson formaður. Aðrir í kjörstjórn eru Ingjaldur Ásmundsson og Ragna Larsen. Varamenn eru Ólafur Þór Þórarinsson, Baldur Sveinsson og Rannveig Árnadóttir

Fræðlunefnd:

Í fræðlunefnd var Hilda Pálmadóttir kjörin formaður. Aðrir fulltrúar eru Katharina Mareike Schact, Bjarni Stefánsson, Ágúst Valgarð Ólafsson og Anný Ingimarsdóttir. Varamenn eru Halla Reynisdóttir, Margrét Jónsdóttir, Ágúst Ingi Ketilsson, Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir og Óðf Ósk Magnúsdóttir.

Atvinnu- og umhverfisnefnd:

Í atvinnu- og umhverfisnefnd var Ingunn Jónsdóttir kjörin formaður. Aðrir fulltrúar eru Helgi Sigurðsson, Victor Björgvin Victorsson, Rósa Matthíasdóttir og Jóhann Helgi Hlökkversson

Varamenn eru Reynir Jónsson, Hrafnkell Guðnason, Margrét Sigfúsdóttir, Benedikt Hans Kristjánsson og Ragna Larsen

Æskulýðs- og tómsfundanefnd:

Í æskulýðs- og tómsfundanefnd var Rannveig Árnadóttir kjörin formaður. Aðrir fulltrúar eru Davíð Ingi Baldursson og Sigurður Ingi Sigurðsson. Varamenn eru Sigurbára Rúnarsdóttir, Thelma Dröfn Ásmundsdóttir og Anný Ingimarsdóttir.

Rekstrarstjórn félagsheimila:

Í rekstrarstjórn félagsheimila Flóahrepps var Stefán Geirsson kjörin formaður. Einnig er Rósa Matthíasdóttir fulltrúi Flóahrepps í rekstrarstjórn. Varamenn eru Baldur Eiríksson og Elín Höskuldsdóttir.

Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða:

Fulltrúar Flóahrepps í Afréttarmálafélagi Flóa og Skeiða eru Reynir Þór Jónsson, Elín Magnúsdóttir, Skeggi Gunnarsson og Svanhvít Hermannsdóttir. Varamenn eru Þorsteinn Logi Einarsson, Einar Hjálmarsson, Ágúst Hjálmarsson og Brynjar Jón Stefánsson

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd:

Fulltrúi Flóahrepps í skólaþjónustu- og velferðarnefnd er Sigurbára Rúnarsdóttir og varamaður er Sigríður Harðardóttir.

Nefnd oddvita og sveitarstjóra, yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu og Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna (NOS):

Fulltrúi Flóahrepps í NOS er Árni Eiríksson og varamaður er Margrét Jónsdóttir.

Fulltrúi í Héraðsnefnd Árneshöfna:

Fulltrúi Flóahrepps í Héraðsnefnd Árneshöfna er Árni Eiríksson og varamaður er Margrét Jónsdóttir

Áheyrnarfulltrúi minnihluta í Héraðsnefnd Árneshöfna: Svanhvít Hermannsdóttir og varamaður er Elín Höskuldsdóttir

Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Fulltrúi Flóahrepps á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga er Árni Eiríksson og varamaður er Margrét Jónsdóttir

Almannavarnir Árneshöfna:

Fulltrúi Flóahrepps í Almannavörnum Árneshöfna er sveitarstjóri Flóahrepps og varamaður er Árni Eiríksson.

Fulltrúi á aðalfund sveitarfélaga á köldum svæðum:

Fulltrúi Flóahrepps á aðalfundi sveitarfélaga á köldum svæðum er sveitarstjóri Flóahrepps og varamaður er Árni Eiríksson.

Fulltrúi á aðalfund Jöfnunarsjóðs:

Fulltrúi Flóahrepps á aðalfundi Jöfnunarsjóðs er sveitarstjóri Flóahrepps og varamaður er Árni Eiríksson.

Fulltrúi á aðalfund Orkusveitarfélaga:

Fulltrúi Flóahrepps á aðalfundi Orkusveitarfélaga er Árni Eiríksson og varamaður er sveitarstjóri Flóahrepps.

Fulltrúar á aðalfundi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands:

Fulltrúar Flóahrepps á aðalfundi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru Árni

Eiríksson, Margrét Jónsdóttir og Svanhvít Hermannsdóttir. Varamenn eru Sigurbára Rúnarsdóttir, Stefán Geirsson og Elín Höskuldsdóttir.

Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands:

Fulltrúi Flóahrepps á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands er Árni Eiríksson og varamaður er Margrét Jónsdóttir.

Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands:

Fulltrúi Flóahrepps á aðalfundi Eignarhaldsfélags Suðurlands er sveitarstjóri og varamaður er Árni Eiríksson.

Framkvæmdir við leikskóla og loftræstingu í Flóaskóla

Búið er að rífa gamla anddyrið á leikskólanum og leggja frárennslislagir utan sem innanhúss í eldri hluta. Verið er að jarðvegsvinna vegna skipta á rotþró.

Búið að saga fyrir öllum hurðargötum í eldri byggingu og saga frá gluggum. Einnig er búið að rífa létta veggi og saga gólf þar sem leggja á hita í gólf. Múrbroti er lokið innanhúss sem og lagnaleiðum fyrir rafmagn.

Jarðvegsvinna við grunn fyrir nýbyggingu er langt á veg komin. Hafsteinn Hafliðason, íbúi í Þingborg hefur verið sveitarfélaginu innan handa með hugmyndir um ýmis atriði, s.s. notkun á jarðvegi sem tekinn er úr grunni.

Framkvæmdum við að setja upp loftræstingu í Flóaskóla miðar samkvæmt áætlun og reiknað er með öllum framkvæmdum í skólastofum verði lokið um mánaðarmótin júlí/ágúst.

Framkvæmdir við Urriðafoss

Flóahreppur hefur fengið styrk sem nemur um 7,1 mkr. til uppbyggingar á aðstöðu fyrir ferðamenn við Urriðafoss. Það er Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sem úthlutaði styrknum að frumkvæði Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Heimir Ólafsson vinnur nú að lagningu göngustígs við fossinn og búið er að gera varúðarskilti sem sett verður upp í sumar. Á döfinni er síðan að stækka bílplanið, girða svæðið af, gera gott upplýsingaskilti og setja upp borð og bekkir fyrir ferðamenn.

Styrkurinn var kærkominn og kemur til með að nýtast vel til afar brýnna framkvæmda við að forða staðnum frá frekari skemmdum en þangað eru að koma um 40.000 manns á hverju ári.

Nýr skólabilstjóri

Sveitarstjórn hefur samþykkt að semja við Brynjar Jón Stefánsson um akstur skólabíls en auglýst var eftir áhugasömum í síðustu Áveitu. Leiðin sem Brynjar mun keyra er sú sama og Kristján Einarsson var með á síðasta skólaári.

Dagforeldri

Hef hugsað mér að gerast dagforeldri í Flóahrepp nánar tiltekið í Brandshúsum 5 núna í haust ef nóg er af börnum. Ef þið hafið áhuga endilega heyrið í mér sem fyrst í síma 847-9834 eða á netfangið grima87@hotmail.com helst fyrir 10. júlí.

Með bestu kveðju , Oddný Lára Guðnadóttir

Frá leikskólanum Krakkaborg

Júní mánuður leið hratt í Krakkaborg enda nóg um að vera. Elstu börnin okkar fóru í útskriftarferð að Úlfljótsvatni þar sem skátar hjá Útilífsmiðstöðinni tóku vel á móti þeim og var deginum eytt í leikjum, gönguferðum og fjölbreyttri skemmtun. Yngri börnin fóru í sumarferð í Kolsholt þar sem dýrin voru skoðið, farið var í skógarferð og hellarannsóknarleiðangur. Yngstu börnin fóru svo í stutta gönguferð í nágrenni leikskólans og tóku með sér nesti. Einnig héldum við hjóladag, íþróttadag og margt fleira skemmtilegt.

Næsti vetur verður spennandi þar sem áætlað er að við flytjum í nýtt húsnæði í kringum áramótin. Að auki verður ný skólanámskrá leikskólans gefin út á degi leikskólans 6. febrúar 2015 og mun innleiðing hennar hefjast strax á haustmánuðum.

Leikskólinn Krakkaborg opnar aftur eftir sumarleyfi miðvikudaginn 6. ágúst klukkan 12:00. Ekki verður boðið upp á hádegismat þann dag, heldur boðið upp á ávexti kl 13 og svo síðdegishressingu kl 15. Leikskólinn opnar svo á hefðbundnum tíma eða kl 7:45 daginn eftir. Aðlögun nýrra barna verður í tveimur hollum og hefst fyrra hollið mánudaginn 11. ágúst.

Fyrir hönd starfsmanna Krakkaborgar þakka ég kærlega fyrir síðasta skólaár og hlakka til að eiga með ykkur samstarf og samtal á því næsta. Sérstaklega vil ég þakka Guðmundi, fráfarandi skólastjóra Flóaskóla, fyrir einstaklega gott samstarf og stuðning í vetur. Honum og fjölskyldu hans óskum við alls hins besta í komandi verkefnum.

Megi sumarið vera ykkur bæði gleði- og sólríkt.

Bestu kveðjur, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps

Ætlunin er að setja niður nokkrar plöntur upp í Skagás næstu daga. Þar sem veðurspáin er okkur ekki alltaf hagstæð, ætlum við bara að láta það ráðast hvenær það tekst. Þeir sem vilja leggja okkur lið við gróðursetninguna geta sent sms eða hringt í síma 8631961 og látið Kolbrúna í Kolsholti vita.

Verða þau svo látin vita þegar færi gefst. Gaman væri ef einhverjir myndu sjá sér fært að aðstoða okkur við þetta þar sem margar hendur vinna létt verk.

Kv. Stjórn Skógræktarfélagsins

Pistillinn

Veðrið hefur verið einstaklega gott fyrir gróðurinn undanfarið. Rabarbarinn hefur líkt og aðrar plöntur sproutið vel og hef ég aldrei séð garðinn jafn gróskumikinn og hef ég nú sultað meira en nokkurn tímann áður.

Rabarbarasulta er þrátt fyrir sykurinn góður C vítamínjafi og trefjarík og ég hvet ykkur til nýta allan þann rabarbara sem vex í garðinum ykkar saxa hann niður og frysta þannig er hægt og gera grauta allt árið um kring eða setja bitana frosna út í hið vinsæla morgunbúst en sultan sjálf er ekki síðri í bústið, sérstaklega skyrbúst og ég hvet ykkur til að prófa það.

En rabarbarinn er til annarra hluta nýtilegur en átu. Það er álitnið að til forna hafi rabarbarinn víða um heim þótt nauðsynlegur í garðinn sem hægðarlyf og var rótin þá einungis nýtt. Þá er hægt að nota alla plöntuhlutana til jurtalitunar. Ef þið viljið prófa ykkur áfram í jurtalitin mæli ég sérstaklega með rabarbara því nóg er af plöntunni og ekki mikil fyrirhöfn að safna henni ef maður vill fá sterka blöndu og góðan lit. Þar að auki þarf ekki að meðhöndla ullarband með neinum festum vegna sýrunnar í plöntunni sjálfri.

Rótin gefur sterkan gulan lit úti brúnt og ef garnið er lagt í basíska lausn eftir litun má fá mjög fallegan rauðbrúnan lit. Rabarbarablöðin gefa ljósbrúnan lit sem verður fallega dökkbrúnn ef hann er lagður í basíska lausn eftir litun. Leggirnir sjálfir gefa ullarbandi sérstakan gráan lit. Ef þið viljið fá fleiri litartóna er oftast hægt að fá ljósari og bjartari liti með því að leggja litað ullarbandið í súra lausn (t.d. ediksblöndu) eftir litun. En basísk lausn dekkir oft og skerpir litinn (t.d. salmiaksblanda).

Ef þið viljið halda áfram í jurtalitin þá vil ég benda á að mjaðjurt og njóli sem fæstir sjá eftir gefur fallega gula liti og lúpína er skemmtileg sem litunarjurt og er þá gaman að lita með blómum annarsvegar og laufunum hinsvegar. Svo má prófa að sjóða aftur upp á litunarleginum og lita nýtt band og sjá hvort ekki komi aftur litur á garnið stundum kemur jafnvel dekkri litur í seinna skiptið. Því miður er erfitt að fá rauða liti úr íslenskum plöntum ekki nema þá möðrurótum sem eru agnarsmáar og ekki á sig leggjandi að safna nema þá ef meður væri finlegum útsaum. Blár litur er ekki til í íslenskum plöntum þó eru til sögur af því að á árum áður hafi fólk litað blátt með blágresi en þykir það nokkuð vafasamt því það hefur ekki tekist nú á tímum.

Vonandi á veðrið eftir að leika við gróðurinn og mannfólkið sem eftir lifir sumars og ekki síst vinkonu mína og sveitunga, Berglindi Björk Guðnadóttur sem ég skora á að skrifa pistil í næstu Áveitu.

Silja Rún Kjartansdóttir, Gerðum

Úrslit af mótum

Héraðsleikar HSK í frjálsum íþróttum voru haldnir í Þorlákshöfn laugardaginn 14 júní síðastliðinn og samhliða þeim var **Aldursflokkamót HSK 11-14 ára**. Mótin fóru fram við góðar aðstæður og margir krakkar sýndu góða takta. Þjótandi átti þrjá keppendur á Héraðsleikunum og tvo á aldursflokkamótinu og hér kemur árangur þeirra.

Héraðsleikar HSK:

Nafn	flokkur	f. ár	grein	árangur	sæti
Helgi Reynisson	8 ára og y	’08	Langstökk	1,91m	15.
			60m. hlaup	13,7sek	14.
			400m hlaup	1:53,40mín	10.
Sigurjón Reynisson	9 ára	’05	Langstökk	3,22m	2.
			60m. hlaup	11,3sek	5.
			400m hlaup	1:28,30mín	2.
Einar Skeggjason	10 ára	’04	Langstökk	2,75m	8.
			60m. hlaup	11,0sek	7.

Aldursflokkamót HSK:

Unnsteinn Reynisson	11 ára	’03	Langstökk	3,15m	6.
			60m hlaup	10,27sek	6.
			Hástökk	1,00m	5.
			Kúluvarp	6,61m	5.
			Spjótkast	11,42m	6.
Dagur Fannar Einarsson	12 ára	’02	Langstökk	4,21m	4.
			Kúluvarp	7,42m	7.
			60m hlaup	9,1 sek	4.
			800m hlaup	2:40,00mín	1.

Héraðsmót HSK fullorðinna

Dagana 18. og 19. júní fór fram Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum á Selfossvelli. Þjótandi átti aðeins einn keppanda á mótinu. Umf. Selfoss sigraði stigakeppnina, Umf. Gnúpverja varð í 2. sæti og Umf. Þór í því þriðja.

Nafn	ár	Grein	árangur	sæti
Baldur Gauti Tryggvason	’81	Kúluvarp	9,11m	8.

Dagur Fannar Einarsson keppti á Gautaborgarleikunum í Svíþjóð í lok júní og náði mjög góðum árangri:

Langstökk	4,07 m	39. sæti	
200 m hlaup	29,33 sek	15. sæti	HSK met í flokki 12 ára
600 m hlaup	1:46,85 mín	12. sæti	
60 m hlaup	9,47 sek		
Hástökk	1,18 m	23. sæti	

Leikjakvöld í Einbúa

Alla miðvikudaga í sumar milli 20:00 og 21:00 verða leikjakvöld í Einbúa í umsjón þeirra Gunnhildar og Birgittu. Allir velkomnir í skemmtilega leiki og glens.

Stjórn Umf. Baldurs

Sumarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps

Þriðjudaginn 8. júlí n.k. ætla kvenfélagskonur í gamla Villingaholtshrepp að skella sér í smá sumarferð. Lagt verður af stað frá Þjórsárveri klukkan 11:00 og haldið austur á bóginn. Aðaláfangastaðurinn er Vík í Mýrdal en að auki verður stoppað víðar t.d. þar sem við finnum góðan mat, skemmtilegar verslanir og fleiri áhugaverða staði.

Skráning í ferðina er á netfangið Lyngh@emax.is eða í síma 8459719/4863319 í síðasta lagi laugardaginn 5. júlí.

Kvenfélagskonur er hvattar til að fjölmenna. Munið bara eftir að klæða ykkur eftir veðri því við munum vera eitthvað utandyra og svo auðvitað að taka góða ferðaskapið með.

Skemmtinefnd Kvenfélags Villingaholtshrepps

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina. Fylgist með á www.umfi.is

Dagskrá mánaðarins

Íþróttaæfing við Þjórsárver	8. júlí
Sumarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps	8. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	9. júlí
Íþróttaæfing við Þjórsárver	15. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	16. júlí
Kvöldganga á Dalafell	16. júlí
Íþróttaæfing við Þjórsárver	22. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	23. júlí
Íþróttaæfing við Þjórsárver	29. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	30. júlí
Unglingalandsmót UMFÍ	1.-4. ágúst



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160